

Mannréttindaskrifstofa Íslands

Laugavegi 7 • 3. hæð • 101 Reykjavík

Sími: 552 2720 • Fax: 552 2721 • e-mail: icehr@humanrights.is

Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um endurskoðun viðskiptabanns á Írak, 377. mál.

Mannréttindaskrifstofa Íslands er sammála efni tillögunnar, að fela ríkisstjórn Íslands að beita sér fyrir því að viðskiptabannið á Írak verði tekið til endurskoðunar.

Sú afstaða byggir á upplýsingum sem komið hafa fram um afleiðingar viðskiptabannsins á Írak á allan almenning og sérstaklega börn og sjúka, meðal annars hjá aðalritara Sameinuðu þjóðanna, Barnahjálpi SP (UNICEF), Alþjóðaráði Rauða krossins (ICRC), Amnesty International og Human Rights Watch.

Í tengslum við seinni hluta tillögunnar, að "einnig verði mótuð sú stefna að viðskiptahindrunum verði aldrei beitt við þær aðstæður að almenningur, ekki síst börn, líði beinan skort af þeim sökum," vill Mannréttindaskrifstofan vitna í álitserðir eftirlitsnefndar Sameinuðu þjóðanna með efnahagslegum, félagslegum og menningarlegum réttindum og Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna. Mannréttindaskrifstofan er sammála því að viðskiptabönnum skuli ekki beita ef ljóst þykir að þær samræmast ekki mannúðar- og mannréttindasjónarmiðum.

Úr Álitserðum nr. 8 og 12 (General Comment) eftirlitsnefndar Sameinuðu þjóðanna með efnahagslegum, félagslegum og menningarlegum réttindum, frá 4. desember 1997 og 5. maí 1999.

Í álitserð nr. 8 um sambandið á milli viðskiptabanna og virðingar fyrir efnahagslegum, félagslegum og menningarlegum réttindum, benti eftirlitsnefndin á það að ríki og alþjóðasamtök sem beita viðskiptabönnum verði alltaf að taka fullt tillit til ákvæða samnings Sameinuðu þjóðanna um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi. Eftirlitsnefndin lagði áherslu á að athygli skyldi beint að áhrifum viðskiptabanna á hópa sem eru illa settir ~~í~~ og að það skuli taka mið af vernd mannréttinda þegar viðskiptabönn eru sett á

og í eftirliti með þeim. (UN Committee on Economic, Social and Cultural Rights, General Comment No. 8: The relationship between economic sanctions and respect for economic, social and cultural rights, E/C.12/1997/8, 4 December 1997)

Í álitserð nr. 12 um réttinn til nægjanlegrar fæðu, lagði eftirlitsnefndin áherslu á efnislegt innihald 11. greinar samnings Sameinuðu þjóðanna um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi. Í álitserðinni segir: "Aðildarríki skulu í öllum tilfellum forðast að beita banni við aðflutningi matvæla eða líkum aðgerðum sem geta stefnt í hættu matvælaframleiðslu eða aðgengi að matvælum í öðrum ríkjum. Matvæli skal aldrei nota sem tæki til að beita stjórnálalegum eða efnahagslegum þrýstingi." (UN Committee on Economic, Social and Cultural Rights, General Comment No. 12: The right to adequate food, E/C.12/1999/5, 5 May 1999)

Úr Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna:

22. grein Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna:

"Hver þjóðfélagsþegn skal fyrir atbeina hins opinbera eða alþjóðasamtaka og í samræmi við skipulag og efnahag hvers ríkis eiga kröfu á félagslegu öryggi og þeim efnahagslegum, félagslegum og menningarlegum réttindum, sem honum eru nauðsynleg til þess að virðing hans og þroski fái notið sín."

28. grein Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna:

"Hverjum manni ber réttur til þjóðfélags- og millipjóðaskipulags, er virði og framkvæmi að fullu mannréttindi þau, sem í yfirlýsingu þessari eru upp talin."